

## Vegur um Jónsnes, Sveitarfélaginu Stykkishólmi

### Ákvörðun um matsskyldu

#### 1 Inngangur

Þann 22. nóvember 2023 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá eiganda jarðarinnar Jónsnes í Stykkishólmsbæ um veglagningu, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 10.08 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Sveitarfélagsins Stykkishólms, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Vegagerðarinnar.

#### 2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar (dags. 5. desember 2023): Jónsnes – Greinargerð, Jónsnes – Kort af vegi, Jónsnes – Gróðurkort, Jónsnes - Náttúruminjakort og Jónsnes – vegur – verklýsing.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Heilbrigðiseftirliti Vesturlands 14. desember 2023
- Minjastofnun Íslands 12. desember 2023 og 9. janúar 2024
- Náttúrufræðistofnun Íslands 16. janúar 2024 (uppfærð frá 15. janúar 2024)
- Umhverfisstofnun 31. janúar 2024.
- Vegagerðinni 3. janúar 2024

Ekki barst umsögn frá Sveitarfélaginu Stykkishólmi.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 8. 9., 18., 19., 29. janúar og 5. febrúar 2024.

#### 3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í því að leggja um 5,6 km langan veg frá afleggjara við Stykkishólmsveg að íbúðarhúsi að Jónsnesi. Ekki liggur vegur að húsinu í dag.

Upphaf vegarins er við enda vegkafla sem liggur frá Stykkishólmsvegi að túnum vestan vegarins og skúr í eigu Veitna. Þaðan liggur vegurinn meðfram túnum fyrst um sinn áður en hann fylgir eftir klapparási á milli Ögurvatns og Hofstaðavatns og þaðan eftir Hellisási, Arnarási og Skálholti að Jónsnesi.

Gert er ráð fyrir að vegurinn verði einbreiður og um 3,5 m á breidd en með vegfláum má gera ráð fyrir að raska þurfi um 10 m breiðu belti við veglagninguna. Gengið verður frá eftir vegagerðina með því að draga aðliggjandi jarðveg upp á vegfláa. Gert er ráð fyrir u.þ.b. 7 útskotum á leiðinni þar sem breidd vegar er 4,5 m.

Gert er ráð fyrir að koma fyrir ræsum í gegnum veginn á nokkrum stöðum, þar sem farið er yfir skurði, mýrlendi og sjávarfitjar. Endanleg staðsetning ræsa kemur til með að ráðast í samráði við eftirlitsmann.



Samkvæmt gögnum framkvæmdaraðila er efnisþörf allt að 20.000 m<sup>3</sup> og er efnistökusvæðið á mel þar sem vegurinn kemur til með að liggja um. Gert er ráð fyrir að taka frá svarðlag á efnistökusvæðinu og koma því aftur fyrir að framkvæmdum loknum ásamt því að sáð verður í svæðið.

## 4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum landeiganda Jónsness og umsögnum umsagnaraðila.

### Áhrif á gróður og vistgerðir

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að í landi Hofstaða og Ögurs sé að mestu leyti graslendi, mýri og kjarr fyrir utan holt og mela. Reynt verði að forðast eins og kostur er að vera með vegstæðið á blautu svæði.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar segir að nýi vegurinn fari að miklu leyti um óraskað land. Hann muni mikið til þræða holt, gróin lyngmóum og fjalldrapamóum og þvera óframræst votlendi milli ása og holta. Út frá gróðurkortu megi gróflega áætla að nýi vegkaflinn fari samanlagt um 1 km af óframræstu votlendi sem sé þriðjungur þess vegkafla. Telji þar mest kaflar á milli Ögurvatns og Hofstaðavatns en þar standi til að setja tvö ræsi. Fjóluþlúa vegstæðið (sbr. korti af framkvæmd í gögnum framkvæmdaraðila) sem eigi að laga sé 2,4 km á lengd. Lítið beri á slóðinni í landinu af loftmyndum af dæma en hún þræði m.a. grösuga kamba meðfram fjörum og fari um strjálgróna mela. Slóðin liggja einnig um votlendi sem að litlum hluta hafi verið framræst og þveri fitjasvæði í grennd við Nauthól. Gróft áætlað fari slóðin samanlagt um 0,6 km votlendis en þverunin yfir fitjarnar nemi 140 m.

Í svörum framkvæmdaraðila segir að kort sem Náttúrufræðistofnun Íslands birtir í umsögn sinni og á að sýna votlendi á framkvæmdasvæðinu sé ekki í samræmi við raunverulegar aðstæður á jörðinni. Vegur á nýju vegstæði fari um samtals 547 m samkvæmt mælingu. Framkvæmdaraðili bendir á þær plöntutegundir sem nefndar eru í umsögn Náttúrufræðistofnunar séu algengar á Íslandi þá hafi fyrirhugað vegstæði verið beutiland kinda og hesta um árabíl og aldrei hafi komið í umræðu að takmarka beit vegna gróðurverndarsjónarmiða.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að innan framkvæmdasvæðisins er votlendi sem nýtur verndar á grundvelli 61. gr. laga um náttúruvernd. Forðast beri að raska náttúrufrýrbærum sem falla undir ákvæðið nema brýna nauðsyn beri til en skv. greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd þá með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lög áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Fjalla þurfi um votlendið og þær leiðar sem farnar verði við að forðast rask á því. Vegagerð geti valdið fyrirstöðu og þurrkáhrifum. Að mati stofnunarinnar geti framkvæmdin valdið raski á votlendi sem nýtur sérstakrar verndar og hafi neikvæð áhrif á það. Því þurfi að skoða fleiri valkosti.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að í votlendi í milli Ögurvatns og Hofstaðavatns verði sett 2-3 600- 800 mm rör undir veginn þar sem land er lægst til þess að tryggja vatnsflæði.

### Áhrif á fugla

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar segir að gera megi ráð fyrir því að sú mósaík vistgerða sem sé að finna í Jónsnesi standi undir miklum þéttleika vaðfugla sem flestir teljist til svokallaðra ábyrgðartegunda Íslands. Þá verpi himbrimi bæði við Ögurvatn og Hofstaðavatn. Tvö arnaróðl séu þekkt við Jónsnes en þau hafi ekki verið í ábúð síðustu ár. Þó sé ekki ólíklegt að þau verði nýtt



einhvern tíma á næstu árum og því mikilvægt að fyrirhugaðar framkvæmdir fari fram utan tímabilsins frá 15. mars til 15. ágúst líkt og framkvæmdaraðili ráðgeri.

Í svörum framkvæmdaraðila segir að hreiðrum himbrima stafi ekki hætta af fyrirhugaðri vegagerð enda séu hreiður himbrima á vatnbökkum eða í hólum.

### **Áhrif á fornminjar**

Í umsögn Minjastofnunar Íslands segir að minjar hafi ekki verið skráðar á svæðinu og að Minjasjá sé ekki tæmandi yfirlit um fornleifar, hús og mannvirki á Íslandi sem njóti verndar samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Stofnunin telji að ekki liggi fyrir fullnægjandi upplýsingar um fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og að fá þurfi fornleifafræðing til að skrá fornleifar á svæði sem nái a.m.k. 15 m til hvorrar handar út frá fyrirhugaðri legu vegar. Einnig þurfi að skrá fornleifar á og við fyrirhugað efnistökusvæði. Minjastofnun telur að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í kjölfar umsagnar Minjastofnunar fékk framkvæmdaraðili fornleifafræðing til að skrá fornleifar vegna fyrirhugaðar veglagningar og efnistöku. Skráðar voru þrjár minjar á svæðinu, tvær innan skráningarsvæðisins en ein utan þess sem skráð var í varúðarskyni.

Minjastofnun Íslands veitti umsögn að nýju eftir að fornleifaskráning lá fyrir. Í síðari umsögn Minjastofnunar kemur fram að stofnunin telur ekki að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Fornleifar hafi verið skráðar og settar inn á loftmynd/kort ásamt fyrirhugaðri vegleið og ekki þurfi að grípa til mótvægisáðgerða.

### **Áhrif á vatn**

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands er bent á að umferð tengd vegagerð geti haft í för með sé áhættu vegna olúlekaslysa og geti haft afleiðingar fyrir vatnasvæði. Það þurfi að skoða í samhengi við lög um stjórn vatnamála. Teljist svæðið viðkvæmt sé æskilegt að Umhverfisstofnun færi fram á að unnið yrði áhættumat vegna framkvæmdarinnar þar sem mögulega væri gerð krafa um að tæki væri lekaskoðuð áður en framkvæmdir hefjist.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og mikilvægi þess að tekið sé tillit til ákvæða laganna við tillögu framkvæmdaraðila. Samkvæmt lögumum megi starfsemi eða framkvæmdir ekki valda því að vatnshlot ná ekki þeim umhverfismarkmiðum sem fyrir þau hafa verið sett. Þá segir í umsögninni að til þess að hægt sé að leggja mat á hvort að starfsemi og framkvæmdir hafi áhrif á vatnshlot þurfi að fara fram mat á áhrifum á gæðapætti sem skilgreindir hafa verið fyrir vatnshlotin. Áhrifamatið þurfi að uppfylla kröfur laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun og breytingar á starfseminni eigi að samræmast markmiðum og kröfum laganna. Í því felist að fjalla skuli um og meta áhrif framkvæmdarinnar á gæðapætti þess/þeirra vatnshlota sem um ræðir og hvort framkvæmdin geti leitt til þess að þau ná ekki umhverfismarkmiðum.

Í svörum framkvæmdaraðila er bent á að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé ekki innan vatnsverndarsvæðis.

### **Verndarsvæði**

Að mati framkvæmdaraðila er framkvæmdasvæðið ekki innan verndarsvæðis Breiðarfjarðar.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að friðlýsing Breiðarfjarðar, skv. lögum nr. 54/1995, ná til allra eyja, hólma og skerja ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins sem markast af línu dreginni frá Ytranesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápssker um Oddbjarnarsker, Stagley og Höskuldsey í Vallabjarg að sunnanverðu. Fjara sé skilgreind sem landræma á strönd stöðuvatns eða sjávar, sem er mótuð af hreyfingum vatnsins og venjulega þakin seti úr sandi, möl og grjóti. Sjávarfjara teljist að jafnaði það svæði, sem við stórstreymi er undir vatni á flóði og á þurru, þegar



lágsjávað er. Hluti framkvæmdarinnar muni fara í gegnum sjávarfitjar sem séu hluti af verndarsvæði Breiðafjarðar. Samþykktar skipulagsáætlanir séu ekki fyrir hendi á því svæði sem ráðgert sé að framkvæmdir fari fram. Umrædd framkvæmd sé því leyfisskyld hjá Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Bendir stofnunin á að hægt sé að sækja um leyfi til framkvæmda í gegnum þjónustugátt stofnunarinnar.

Í svörum framkvæmdaraðila er því haldið fram að svæðið sem Umhverfisstofnun telur vera sjávarfitjar sé ekki sjávarfitjar. Þá er bent á að vegstæði í Jónsnesi sé eldra en öll verndarákvæði laga.

## 5 Skipulag og leyfi

Ekki er gert ráð fyrir veginum eða efnistöku í aðalskipulagi. Að mati Skipulagsstofnunar þarf að gera breytingar á aðalskipulagi vegna fyrirhugaðar efnistöku en stofnunin telur að efnistakan sé að slíku umfangi að hún geti ekki talist minni háttar og þarfnist framkvæmdaleyfis.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. skipulagslaga og leyfi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands skv. 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og 5. gr. reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Þá er framkvæmdin háð leyfi Umhverfisstofnunar skv. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar.

## 6 Niðurstaða

Um er að ræða lagningu á einbreiðum vegi á um 5,6 km kafla í Jónsnesi ásamt efnistöku. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 10.08. í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

### Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, nýtingar náttúruauðlinda, úrgangsmýndunar, mengun og ónæði sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Um er að ræða framkvæmd sem nær yfir nokkuð langan veg eða um 5,6 km. Engu að síður er umfang framkvæmdarinnar ekki mikið. Fyrirhuguðum vegi má líkja við einbreiðan malarslóða líkt og sjá má víða á landbúnaðarjörðum. Gera má ráð fyrir að heildarrask á framkvæmdatíma verði mest í kringum 10 m á breidd. Þá mun efnistaka raska um 8.000 m<sup>2</sup> svæði þar sem fjarlægðir verða um 20.000 m<sup>3</sup> af jarðefni.

Fyrirhugaður vegur er einkavegur sem mun liggja að einu húsi. Því má gera ráð fyrir lítilli umferð um veginn. Framkvæmdasvæðið er nokkuð fjarri mannabústöðum og gera má ráð fyrir takmörkuðu ónæði vegna framkvæmda sem og þeirrar umferðar sem fara mun um veginn.

### Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, vegna fornleifa eða á grundvelli alþjóðlegra samninga sem Ísland er bundið af. Einnig ber að líta til álagspols náttúrunnar, svo sem með tilliti til votlendissvæða, sérstæðra jarðmyndana, landslagsheilda og kjörlendis dýra sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.



Í aðalskipulagi Helgafellssveitar og Stykkishólms er framkvæmdasvæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Vegurinn kemur til með að liggja um land Hofstaða og land Ögurs ásamt því að liggja um land Jónsness en skv. gögnum framkvæmdaraðila er sauðfé og hestum beitt á fyrirhugað framkvæmdasvæði.

Í gögnum framkvæmdaraðila er veglínunni skipt í tvennt. Annars vegar um 2,4 km kafla þar sem laga á til eldra vegstæði og hins vegar um 3,2 km kafla með nýju vegstæði. Fyrirnefndi kaflinn er víða vel greinilegur á loftmyndum og ljósmyndum en samkvæmt fyrri eiganda jarðarinnar hefur sú leið verið talsvert notuð af fjórhjólum og dráttarvélum. Síðarnefndi kaflinn, sem sagður er í nýju vegstæði, fylgir þó einnig slóðum sem fyrir eru af miklu leyti, sbr. loftmyndir og ljósmyndir af svæðinu, en víða má sjá hjólför á svæðinu enda liggur vegurinn um landbúnaðarjarðir þar sem dýrum er beitt. Fyrirhugað framkvæmdasvæði verður þó að teljast að miklu leyti óraskað.

Breiðafjörður nýtur verndar á grundvelli sérlaga sem ætlað er að stuðla að verndun fjarðarins einkum með tilliti til landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Verndarsvæðið tekur til eyja, hólma og skerja í firðinum ásamt fjara í innri hluta fjarðarins. Þá er Hofstaðavogur á náttúruuminjaskrá og nær verndarsvæðið til fjara og grunnsævis vogarins út að Jónsnesi og Kóngsbakka. Ástæða verndar eru frjósamar leirur og mikil umferð fugla. Framkvæmdasvæðið er að mestu utan framangreindra verndarsvæða en veglínan fer þó á kafla um svæði sem skilgreint er sem sjávarfitjar í kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands. Framkvæmdaraðili hefur mótmælt því að um sjávarfitjar sé að ræða en loftmyndir, ljósmyndir og kortasjá Náttúrufræðistofnunar benda þó til þess að um sjávarfitjar sé að ræða.

Sjávarfitjar njóta sérstakrar verndar á grundvelli 61. gr. laga um náttúruvernd og þverar veglínan sjávarfitjar á um 140 m kafla. Votlendi sem er að flatarmáli stærra en 20.000 m<sup>2</sup> nýtur einnig sérstakrar verndar. Samkvæmt lögum ber að forðast að raska vistkerfum sem njóta slíkrar verndar nema brýna nauðsyn beri til. Talsvert votlendi er á Jónsnesi en af loftmyndum og ljósmyndum að dæma liggur veglínan víðast hvar um holt og hæðir, við jaðar votlendis eða meðfram votlendi sem hefur verið framræst. Þó þverar veglínan á köflum votlendi sem nýtur sérstakrar verndar.

Ekki hefur verið ráðist í fuglaathuganir á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en skv. umsögn Náttúrufræðistofnunar þá má gera ráð fyrir ríkulegu fuglalífi á svæðinu m.a. tegunda sem teljast til ábyrgðategunda Íslands. Þá eru þekkt tvö arnaróðul í Jónsnesi.

Gróðurfar hefur ekki verið kortlagt á vettvangi en á grundvelli umsagnar Náttúrufræðistofnunar má gera ráð fyrir að á svæðinu séu vistgerðir með mjög hátt verndargildi.

### **Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar**

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, væntanlegs upphafs, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Að mati Skipulagsstofnunar felast helstu neikvæðu áhrif framkvæmdarinnar í áhrifum á votlendi og sjávarfitjar. Hætt er við að veglagning í votlendi og sjávarfitjum hafi áhrif á vatnsrennsli og leiði til breytinga á lífríki utan þess svæðis sem verður fyrir beinu raski. Að mati Skipulagsstofnunar er líklegt að neikvæðra áhrifa vegna þverunar votlendis muni gæta á stuttum köflum og munar hvað mest um vegkafla sem þvera votlendi á milli Ögurvatns og Hofstaðavatns.

Áhrif á náttúruyrirbæri sem njóta verndar á grundvelli 61. gr. laga um náttúruvernd og náttúruverndarsvæði, þ.m.t. Breiðafjörð, eru þó ekki líkleg til að ná yfir stórt svæði eða hafa áhrif á marga. Þá er gert ráð fyrir að koma fyrir ræsum í votlendi og sjávarfitjum og er sú ráðstöfun til þess fallinn að draga úr neikvæðum áhrifum. Telur Skipulagsstofnun mikilvægt að vandað verði til verka



við ákvörðun um endanlega staðsetningu ræsa til að hafa sem minnst áhrif á vatnsrennsli bæði í votlendi og sjávarfitjum.

Sem fyrr segir er einungis heimilt að raska þeim vistkerfum sem talin eru upp í 1. mgr. náttúruverndarlaga nema brýna nauðsyn beri til. Að mati framkvæmdaraðila er slík nauðsyn til staðar og hefur hann gert grein fyrir sjónarmiðum sínum í svörum við umsögn Umhverfisstofnunar. Mun það koma í hlut leyfisveitanda að meta hvort brýna nauðsyn beri til að raska votlendi og sjávarfitjum vegna fyrirhugaðar veglagningar.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru líklegar til að raska búsvæðum fugla þar sem vegur er lagður utan núverandi slóða. Framkvæmdir munu fara fram utan varptíma og því takmörkuð áhrif á fugla á framkvæmdatíma. Á rekstartíma má gera ráð fyrir að umferð verði lítil og áhrif á fugla vegna hennar lítil.

Framkvæmdin mun koma til með að hafa áhrif á landslag en með hliðsjón af umfangi vegarins og núverandi vegslóða og að um er að ræða landbúnaðarsvæði eru áhrifin minniháttar.

Með hliðsjón af síðari umsögn Minjastofnunar Íslands má gera ráð fyrir að áhrif á fornminjar verði minniháttar.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bendir á áhættu vegna olíuleka við framkvæmdir og að það þurfi að skoða í samhengi við lög um stjórn vatnamála. Umhverfisstofnun bendir einnig á ákvæði laga um stjórn vatnamála í umsögn sinni. Skipulagsstofnun tekur undir að rétt er að gæta að mengunarvörnum og viðhafa vandað verklag við framkvæmdirnar til að tryggja að olía eða önnur mengunarefni berist ekki í vatn. Með hliðsjón af eðli framkvæmdarinnar og staðsetningu er, að mati Skipulagsstofnunar, engu að síður afar ólíklegt að framkvæmdin komi til með að hafa neikvæð áhrif á vatnshlot.

#### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 8. mars 2024.

Reykjavík, 5. febrúar 2024

Egill Þórarinnsson

Jakob Gunnarsson

